

Þetta bréf var að berast frá ÍSÍ um kynbundið ofbeldi !

Sérsambönd ÍSÍ Héraðssambönd og íþróttabandalög Íþróttafélög og deildir þeirra Reykjavík,
ÁÁ 3.júní 2021

Efni:ÁÁ ÁÁ ÁÁ #metoo/#églíka Kæru félagar! Á undanförunum vikum hefur umræða um kynbundið ofbeldi blossað upp á ný. Þolendur stíga fram, skila

skömminni á réttan stað og krefjast breytinga í samfélaginu.

Líkt og í fyrri bylgju #metoo/#églíka hafa komið upp á yfirborðið frásagnir af kynferðisbrotum í

íþróttastarfi og einnig hefur verið bent á að kvenfyrirlitningu megi finna alltof víða í

karlaklefum landsins.

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ) ítrekar með bréfi þessu að sambandið fordæmir allt ofbeldi í starfsemi íþróttahreyfingarinnar, enda er slík hegðun óásættanleg og ólíðandi með öllu. Það er og hefur verið markmið íþróttahreyfingarinnar að tryggja öryggi, jafnrétti og jafnræði þeirra sem iðka og starfa innan íþróttahreyfingarinnar.

Á heimasíðu ÍSÍ er að finna talsvert af fræðsluefni um kynferðislega áreitni og ofbeldi í íþróttastarfi á slóðinni

<https://isi.is/fraedsla/kynferdisleg-areitni-og-ofbeldi/>.

Samskiptaráðgjafi íþrótt- og æskulýðsstarfs tekur á móti tilkynningum um atvik sem upp koma og

veitir þolendum ráðgjöf, stuðning og fræðslu. Á heimasíðunni

<https://www.samskiptaradgjafi.is/>

er

hægt að tilkynna um atvik, fá ráðgjöf og finna fræðsluefni tengt málaflokknum.

Við hvetjum sambandsaðila til að kynna sér fræðsluefnið og deila því með sínu fólki. Einnig leggjum við ríka áherslu á að við öll sem að íþróttahreyfingunni stöndum tökum skýra afstöðu

gegn hverskyns kvenfyrirlitningu, áreitni og ofbeldi og tökum öllum málum sem upp koma þess efnis alvarlega. Þjálfarar og stjórnarfolk eru hvött sérstaklega til að vinna markvisst að því að byggja upp

heilbrigða klefamenningu sem laus er við kvenfyrirlitningu og ofbeldi.

Með vinsemd og virðingu, ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS Lárus L. Blöndal
Líney Rut Halldórsdóttir

forseti

framkvæmdastjóri